

Tilkynning til fasteignaeigenda um álagningu fasteignagjalda árið 2019

Álagningu fasteignagjalda 2019 er lokið.

Álagningarseðlar fyrir árið 2019 verða eingöngu birtir rafrænt og ekki sendir út í bréfaþósti. Fasteignaeigendur geta nálgast álagningarseðilinn á www.island.is með því að skrá sig inn, annaðhvort með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. Íslykil mál nálgast á www.islykill.is.

Grindavíkurbær mun þó senda einstaklingum 67 ára og eldri og fyrirtækjum álagningarseðil í bréfaþósti.

Álagningarákvæði

Fasteignaskattur: Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4 frá 1995 með síðari breytingum. 3. gr. laganna:

a) Allt að 0,5% af fasteignamati: Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, hesthús, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b) 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

c) Allt að 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka prósentur tilgreindar í a og c liðum um allt að 25%.

Önnur gjöld eru ákveðin árlega af bæjarstjórn.

Undanþegin fasteignaskatti eru kirkjur, bænahús, safnahús og hús erlendra ríkja, sbr. 5 grein laganna.

Álagningarreglur	Íbúðir	Stofnanir	Annað	
	a-liður	b-liður	húsnæði	c-liður
Fasteignaskattur.....	0,315%	1,320%	1,450%	af fasteignamati
Lóðarleiga.....	1,000%	2,000%	1,600%	af fasteignamati
Holræsagjald.....	0,075%	0,250%	0,200%	af fasteignamati
Rotþróargjald.....	20.000	20.000	20.000	kr.
Vatnsgjald				
Almennt vatnsgjald.....	0,055%	0,250%	0,200%	af fasteignamati
Aukavatnsgjald.....		18	18	kr/m ³ vatns
Sorphreinsunargjald/tunnuleiga.....	16.923			kr. sorpílát pr. ár
Sorpeyðingargjald.....	27.609			kr. sorpílát pr. ár
Fjöldi gjalddaga.....	10	10	10	

1/2, 1/3, 1/4, 1/5, 1/6, 1/7, 1/8, 1/9, 1/10 og 1/11 2019

Álagning **20.000 kr.** og lægri fer öll á 1. gjalddaga, þ.e. 1.2.2019.

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega

Elli- og örorkulífeyrisþegar eiga rétt á afslætti á fasteignaskatti og holræsagjaldi samkvæmt reglum sem samþykktar voru í bæjarstjórn 24. september 2013. Reglurnar má nálgast á heimasíðu Grindavíkurbæjar undir "Stjórnsýsla", "Samþykktir/Reglugerðir" og hér á bakhlið.

Afslátturinn er tekjutengdur og skila þarf inn staðfestu skattframtali á álagningarári vegna tekna og eigna fyrra árs, þ.e. **skattframtali 2019**. Tekuviðmið eftirfarandi:

Tekjuviðmið (tekjuskattsstofn að meðtöldum fjármagnstekjum og tekjum erlendis ef um þær er að ræða), vegna afsláttar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi 2019.

Tekjur einstaklinga árið 2018	Tekjur hjóna árið 2018	Niðurfelling
0 - 4.800.000	0 - 7.680.000	100%
4.800.001 - 5.300.000	7.680.001 - 8.480.000	75%
5.300.001 - 5.800.000	8.480.001 - 9.280.000	50%
5.800.001 - 6.300.000	9.280.001 - 10.080.000	25%
6.300.001 og hærra	10.080.001 og hærra	0%